

Heimsmarkmið Sp, innleiðing barnasáttmálans, heilsueflandi samfélag og velferð barna í Garðabæ

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun snúast um í stuttu máli að mæta nútíma þörfum án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á því að mæta þörfum sínum
- Einnig er takmark að efla mannréttindi til langs tíma
- Markmiðin gilda til ársins 2030 og ná til allra ríkja heims
- Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og hafa þau 169 undirmarkmið
- Sjálfbær þróun byggir á þremur stoðum sem eru undirliggjandi í heimsmarkmiðunum: hagkerfi (hagvöxtur), félagsleg aðild og náttúruvernd. Þessar stoðir tengjast á marga vegu og eru grunnur að því að tryggja velferð einstaklinga og samfélaga með sjálfbærni til framtíðar í huga



Undirmarkmið fyrir Garðabæ

- Um mitt ár 2020 lauk stýrihópur vinnu við að fara í gegnum yfirmarkmiðin 17 og öll 169 undirmarkmiðin og velja þau undirmarkmið sem Garðabær mun innleiða
- Skoðað var hvað önnur sveitarfélög á Íslandi og erlendis hafa gert, einnig hefur ríkið skilgreint markmið fyrir Ísland
- Niðurstaðan var að 38 undirmarkmið voru valin og staðfest af bæjarráði, þau má finna á vef Garðabæjar



gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/heimsmarkmidin/38-markmid-gardabaejar/

Heimsmarkmið tengd við stefnur Garðabæjar

- Verið er að vinna að því að kynna heimsmarkmiðin fyrir starfsfólki og íbúum, m.a. er verið að vinna að efni á vef Garðabæjar
- Núverandi stefnur voru greindar út frá völdum heimsmarkmiðum
- Í framhaldinu verða nýjar og endurskoðaðar stefnur unnar með heimsmarkmiðin í huga, glæný forvarna- og lýðheilsustefna var einmitt unnin eftir þeirri hugmyndafræði og heimsmarkmið Garðabæjar verða höfð til hliðsjónar í vinnu við aðrar stefnur, t.d. lýðræðisstefnu og menntastefnu sem eru í endurskoðun
- Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofan eru að vinna að búa til sameiginlega mælikvarða og tölulegar upplýsinga fyrir sveitarfélög
- Mikið er til af áhugaverðu kynningarefni og upplýsingum, bæði til kennslu og fyrir íbúa. Á vef heimsmarkmiðanna, heimsmarkmidin.is má finna allskonar upplýsingar og kynningarefni og sjá m.a. hvað önnur sveitarfélög á Íslandi eru búin að gera. Einnig er þar að finna skemmtileg myndbönd sem unnin hafa verið í samvinnu við KrakkaRÚV og hafa verið sýnd í sjónvarpi

Innleiðing barnasáttmála Sþ

- Haustið 2020 var samþykkt í bæjarstjórn að Garðabær taki þátt í verkefninu Barnvæn sveitarfélög sem er í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og UNICEF
- Nú eru um 10 sveitarfélög í verkefninu
- 2ja ára fastmótað ferli sem sveitarfélagið þarf að fara í gegnum til að öðlast viðurkenningu, mikið af upplýsingum á barnasattmali.is
- Búið er að mynda 10 manna stýrihóp sem hóf störf í byrjun árs, hann er skipaður fulltrúum frá öllum sviðum stjórnsýslu, kjörnum fulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði
- Vinna er hafin við greiningu og gagnaöflun um stöðu mála varðandi réttindi barna og þekkingu á barnasáttmálanum
- Framundan er vinna við gátlista og samræmt mælaborð fyrir sveitarfélög með upplýsingum frá hagstofu, barnavernd, R&G, skólapúls o.fl.



Innleiðing barnasáttmála Sþ

- Í dag er vinnan stödd í skrefi 2, kortlagningu og fræðsla er hafin, skref 3
- Framundan er að leggja spurningalista fyrir skólabörn á aldrinum 9-16 ára, áætlað fljótlega í maí
- Sambærilegur spurningalisti verður lagður fyrir starfsfólk Garðabæjar, beðið um að forstöðumenn hvetji starfsfólk sitt til að svara honum
- Aðgerðaáætlun verður til sem miðar að því að bæta það sem betur má fara svo Garðabær öðlist viðurkenningu sem barnvænt samfélag
- Á næsta skólaári má búast við erindum og fræðslu um barnasáttmálann
- Verkefnastjóri yfir innleiðingunni er Gunnar Richardsson



Heilsueflandi samfélag í Garðabæ

- Garðabær er með samkomulag við Landlæknisembættið frá 2018 um að vera heilsueflandi samfélag, þar sem tekið er mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum
- Fyrsta verkefnið var að lengja opnunartíma sundlauga og veita börnum 18 ára og yngri frítt í sund
- Capacent vann að skýrslu um velsæld og velferð íbúa Garðabæjar sem skilað var haustið 2020
- Niðurstöður skýrslunnar verða notaðar til að efla heilsu og vellíðan Garðbæinga með mismunandi áherslum eftir aldurshópum
- Sumarið 2020 voru teknar saman tölulegar upplýsingar um það hvaða heilsurækt Garðbæingar stunda sem grunn að áframhaldandi vinnu við heilsueflandi samfélag
- Núna er unnið að því að fara yfir gátlista frá Landlækni til undirbúnings fyrir næstu skref verkefnisins
- Átakið „Hjólað í vinnuna“ er að fara í gang og eru allir hvattir til að taka þátt í því



Velferð barna í Garðabæ

- Velferð barna í Garðabæ er verkefni sem stuðlar að samvinnu allra skólastofnanna og íþrótt- og tómstundafélaga um heildstæða stefnu er varðar jafnrétti, kynheilbrigði og velferð barna
- Verkefnið hefur verið í vinnslu síðan árið 2013 og á að móta stefnu og samræmda verkferla um kynheilbrigði og velferð barna þvert á stofnanir sem á einhvern hátt sinna barna- og unglingastarfi í Garðabæ
- Viðamiklar breytingar eru fyrirhugaðar á þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn þar sem félags- og barnamálaráðherra hefur mælt fyrir nokkrum frumvörpum á Alþingi.
- Markmiðið breytinganna er að koma börnum sem þurfa aðstoð til hjálpar fyrr en nú er gert